

Stjórnarfundur FEB nr. 481 miðvikudaginn 11. janúar 2023 kl. 13.30 að Stangarhyl 4, 110 Reykjavík.

Mætt: Ingibjörg Sverrisdóttir, Ingibjörg Óskarsdóttir, Sigurbjörg Gísladóttir, Kolbrún

Stefánsdóttir, Kári Jónasson, Geir A. Guðsteinsson og Halldór Frímannsson

Fjarverandi: Ólafur Örn Ingólfsson, Viðar Eggertsson og Kristján Árnason.

Einnig sat fundinn Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB.

1. Fundargerð 480 samþykkt.

2. Fréttir af starfsemi FEB

Fjölmörg námskeið að fara af stað á nýbyrjuðu ári og mikil þátttaka. Allt komið á fullt á nýjan leik eftir jólafrí. FEB-ferðirnar tvær til Færeyja sem fyrirhugaðar eru í maí 2023, rokseldust frá fyrsta degi og eru nær uppseldar. Enginn viðburður á Facebook síðu FEB hefur fengið eins mikla athygli og nýasta námskeiði FEB „Matarklúbbur FEB fyrir karlmenn 60+“. Unnið er að fullu að undirbúa FEB-ferðir sumarsins en reynst hefur erfitt að bóka gistiþymi þar sem Ísland virðist uppselt!

3. Aðalfundur FEB

Stefnt er að halda aðalfund 2. mars (9. mars til vara). Ræddar tillögur um hækjun árgjalds FEB en ákvörðunin bíður næsta fundar. Annar undirbúningur fyrir aðalfund ræddur svo sem hugsanlegar lagabreytingar og skipun uppstillingar- og kjörnefndar

4. Árskógar 1 og 3

Framkvæmdastjóri FEB sendi formlegt rafrænt bréf til þeirra íbúa í Árskóginum 1 og 3 sem kvartað höfðu undan göllum í gleri. Bréfið innhélzt endanlegt svar frá verktaka og birgja sem komu að byggingu Árskóga 1 og 3. Einnig var félagsaðild íbúa rædd sem er skilyrði fyrir eignarhaldi þessara íbúða.

5. Leigufélag aldraðra. (LA)

Farið yfir greinagerð stjórnarformanns LA sem borist hafði formanni fulltrúaráðs LA um stöðu framkvæmda. Afhending íbúða tefst vegna langvarandi frostatíðar.

6. Erindi frá Samökum aldraðra (SA)

Erindi varðar nafn Leigufélags aldraðra, LA. Formlegt svar verður sent SA eftir fundinn.

Fundi slitið kl. 15:50

Ingibjörg Sverrisdóttir.
Ingibjörg Óskarsdóttir.
Sigurbjörg Gísladóttir.
Kolbrún Stefánsdóttir.
Halldór Frímannsson.
Kári Jónasson.

Fundargerð ritaði Geir A. Guðsteinsson

Geir A. Guðsteinsson
Kári Jónasson